



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Útgáfa: 6.0

Dagsetning: 10. júlí 2015

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **Kalíumhýdroxíð - flögur**

1.2. Tilgreind notkun Hreinsiefni. Lífdísil.

1.3. Söluaðili Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
444 3000

Sími:

Tengiliður: msds@skeljungur.is

Veffang: www.skeljungur.is

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar skv. reglugerð 1272/2008 (CLP)

CLP-flokkun Málmæt. 1; H290
Bráð eit. 4; H302
Húðæt. 1B; H314

2.2. Merkingaratriði



Viðvörðunarorð

Hættusetningar

Varnaðarsetningar

Hætta

H290 – Getur verið ætandi fyrir málma.

H302 – Hættulegt við inntöku.

H314 – Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.

P280 – Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlíf/andlitshlíf.

P301+P312+P330 – EFTIR INNTÖKU: Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart. Skolið munninn.

P303+P361+P353 – BERIST EFNID Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.

P304+P340+P310 – EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun. Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

P305+P351+P338 – BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

P501 – Fargið innihaldi/íláti í samræmi við gildandi lög og reglur.

2.3. Aðrar hættur

Aðrar hættur

Inniheldur enga efnisþætti sem eru flokkaðir sem PBT- eða vPvB-efni

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Heiti	Vörukenni	Magn%	CLP-flokkun
Kalíumhýdroxíð	CAS#: 1310-58-3 EINECS#: 215-181-3	<=100	Málmæt. 1; H290 Bráð eit. 4; H302 Húðæt. 1B; H314

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Almennt	Leitið lækni. Sýnið þetta öryggisblað.
Eftir innöndun	Tryggið ferskt loft og látið hvílast. Ef viðkomandi andar ekki, beitið blástursaðferð. Leitið lækni.
Eftir snertingu við augu	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mín. Skolið undir augnlokum. Leitið lækni strax. Skolið áfram.
Eftir snertingu við húð	Farið strax úr óhreinkuðum fatnaði. Þvoið húðina með sápu og miklu vatni. Leitið lækni.
Eftir inntöku	Ekki framkalla uppköst. Skolið munninn. Leitið lækni strax. Aldrei gefa meðvitundarlausum neitt um munn.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Einkenni og áhrif Sjá liði 2.2. og 11.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Til lækna Engin gögn.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Slökkviduft, koltvísýringur, vatnsúði, alkóhólþolin froða.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Myndefni við bruna Kalíumoxíð. Myndar vetni í hvörfum við málma.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Hlífðarbúnaður Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með andlitsgrímu, stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.á.m. hjálmur, stígvél og hanskar) í samræmi við evrópska staðalinn EN 469 veitir grunnvörn í tilfelli efnaleka. Fjarlægjið eða kælið nálæg ílát með vatnsúða. Slökkvivatn getur verið mjög ætandi. Ekki losa í niðurföll.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Almennar ráðstafanir Notið persónuhlífar. Tryggið næga loftræstingu. Haldið óviðkomandi og óvörðum frá. Varist innöndun úða, ryks, gufu eða reyks.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Komið í veg fyrir frekari leka ef mögulegt án áhættu. Forðist losun út í umhverfið. Látið ekki berast í holræsi, vatnskerfi eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir og efni Sópið saman og mokið upp í viðeigandi ílát og fargið samkvæmt gildandi lögum og reglum. Forðist rykmyndun.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Varúðarráðstafanir Notið persónuhlífar. Varist innöndun gufu og úða og snertingu við húð og augu. Tryggið næga loftræstingu og útsog þar sem ryk myndast.

Hreinlæti Þvoið hendur fyrir vinnuhlé, áður en matast er, drukkíð, reykt eða farið á salernið og í lok vinnudags.

7.2. Örygg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Varúðarráðstafanir Geymið í luktum, upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum og vel loftræstum stað. Dregur í sig koltvísýring úr lofti. Mjög ídrægt.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

DNEL

Kalíumhýdroxíð Starfsmaður: Innöndun; staðbundin, langvinn áhrif: 1 mg/m³
Neytendur: Innöndun; staðbundin, langvinn áhrif: 1 mg/m³

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir Tryggið næga loftræstingu. Hafið skyndihjálparbúnað innan seilingar við vinnustöð, þ.m.t. augnskol og öryggissturtur.

Öndunarhlífar Notið öndunargrímu með agnasíu, gerð P2 (EN143) við ófullnægjandi loftræstingu. Notið ferskloftstæki ef loftræsting er engin.

Til hlífðar höndum Notið efnapolna hanska (EN374). Ráðlagt (efni; þykkt; gegnþrengingartími): Nítrílgúmmí; 0,11mm, 480 mín.

Til hlífðar augum Notið viðurkennd öryggisgleraugu eða andlitshlíf.

Til hlífðar húð Veljið efnaþolinn hlífðarfatnað m.t.t. hættu á snertingu.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Fast; flögur
Lykt	Engin gögn
pH-gildi	13,5
Bræðslumark	361°C
Suðumark	1320°C
Blossamark	Engin gögn
Gufuprýstingur	1 hPa við 719°C
Seigja	Engin gögn
Eðlisþyngd	2,044 g/cm ³
Leysni	Leysanlegt í vatni
Rúmpyngd	1300 kg/m ³

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin gögn.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við venjulegt hitastig og ráðlagða notkun.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg efnahvörf Engin gögn.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Ekki hita upp fyrir bræðslumark.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Lífræn efni, magnesíum, kopar, vatn. Heiftarleg hvörf við: málma, léttmálma. Losar um vetnisgas í snertingu við ál, tin og sink. Snerting við nítrometan og önnur nítrosambönd myndar sölt sem eru viðkvæm fyrir höggum.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Brotnar ekki niður við ráðlagða notkun og geymslu.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Kalíumhýdroxíð

LD50	Inntaka, rotta	333 mg/kg
Húðertingarpróf	Kanína, 24 klst.	Alvarleg húðerting
Augnertingarpróf	Kanína	Augnætandi

Innöndun Engin gögn.

Stökkbr. áhr. á kímfr. Hefur ekki stökkbreytandi áhrif á kímfrumur.

Krabbameinsv. áhrif Ekki flokkað með krabbameinsvaldandi áhrif.

Eiturhrif á æxlun Ekki flokkað.

Ásvelgingarhætta Ekki flokkað.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

LC50	Fiskur (gambusia affinis), 96 klst.	80 mg/kg
------	-------------------------------------	----------

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Á ekki við um ólífræn efni.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engin gögn.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Leysanlegt í vatni.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Inniheldur engin PBT- eða vBvB-efni.

12.6. Önnur váhrif

Önnur váhrif Skaðlegt vatnalífi.

13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Fargið sem hættulegum úrgangi hjá viðurkenndri móttökustöð.

Förgun umbúða Fargið eins og ónotuðu efninu sjálfu.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

14.1. Alþjóðlegar reglur

- ADN/IATA/IACO

UN-númer 1813
Flokkur 8
Pökkunarhópur II
Rétt sendingarheiti POTASSIUM HYDROXIDE, SOLID

- IMDG

UN-númer 1813
Flokkur 8
Pökkunarhópur II
IMDG-merkingar 8
Rétt sendingarheiti POTASSIUM HYDROXIDE, SOLID

- ADR/RID

UN-númer 1813
Flokkur 8
Pökkunarhópur II
ADR/RID-merkingar 8
Gangakóði (E)
Rétt sendingarheiti POTASSIUM HYDROXIDE, SOLID

14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 og IBC-kóða

Búlkaflutningar Á ekki við.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Mat Efnaöryggismat hefur verið gert fyrir efnið.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar (CLP) H290 – Getur verið ætandi fyrir málma.
H302 – Hættulegt við inntöku.
H314 – Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.

Skammstafanir **ADN:** Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum.
Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.

ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum .
Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.

DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.

IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.

PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.

vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

LC50: Miðgildisbanastyrkur

LD50: Miðgildisbanaskammtur

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun 10. júlí 2015.
Útgáfa 6.0
Gert þann 7. febrúar 2016
Samantekt Reynir Hjálmarsson
Heimild Sigma-Aldrich Chemie GmbH, eurtechserv@sial.com.